

## Hótun Jóhannesar í Bónus gegn Lilju marklaus

Smáfuglarnir lesa á Pressunni 12. mars:

„Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar, hefur svarað bréfi Jóhannesar í Bónus til þingmanna og segist ekki skilja að hann upplifi sig fórnarlamb “pólítískra ofsókna, nema því aðeins að hann hafi stöðu grunaðs manns. Og grunaðir menn eigi ekki að eignast fyrirtæki að aflokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.“

Jóhannes í Bónus reyndi að þagga niður í þeim alþingismönnum, sem hann taldi, að væru að gagnrýna, að til greina kæmi, að hann fengi að halda áfram að reka verslanir Arion-banka, sem áður voru í eigu hins gjaldþrota Baugs. Skrifaði hann Lilju Mósesdóttur, þingmanni VG, skammarbréf af því tilefni. Lilja hefur nú svarað Jóhannesi. Hún segir hann ekki geta tekið orð hennar til sín, nema Jóhannes hafi réttarstöðu grunaðs manns.

Smáfuglarnir velta fyrir sér, hvort svo sé komið fyrir Jóhannesi? Hinn sérstaki saksóknari hefur ekki viljað senda frá sér neinar upplýsingar um, hverja hann telur í hópi sakborninga í málum til rannsóknar hjá því embætti.

Jóhannes er vanur að bregðast við öllum, sem ekki beygja sig í duftið fyrir honum, með hótunum. Bréf hans til Lilju er til marks um það. Smáfuglarnir velta fyrir sér, hverju Jóhannes hefur hótað Arion banka.